

Nd.

262. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

(Lagt fyrir Alþingi 1939.)

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. síðastliðinn, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er að efni til samhljóða bráðabirgðalögum, sem gefin voru út 6. október s.l. og hér með fylgja.

Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 frá 31. des. 1937, um verðlag á vörum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Viðskiptamálaráðherra Vor hefir tjáð Oss, að nauðsynlegt sé að koma í veg fyrir, að almennt verði hækkuð álagning á vörur. Sökum hins óvenjulega ástands, sem ófriðurinn hefir orsakað, teljum Vér brýna nauðsyn til þess að gefa út bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 70 31. des. 1937, hér að lútandi, samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir því bjóðum Vér og skipum þannig:

1. gr.

Á eftir 5. gr. laga nr. 70 31. des. 1937 komi ný grein, sem verður 6. gr., svo hljóðandi, og eftirfarandi greinatala breytist samkvæmt því:

Bannað er að hækka hundraðshluta álagningar á vörum fram yfir það, sem tíðkaðist í viðkomandi vöruflokkum fyrir 1. sept. síðastliðinn, nema með sérstöku leyfi verðlagsnefndar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 6. október 1939.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.